



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2013**

Góðir Íslendingar.

Við Dorrit óskum ykkur öllum gleðilegs árs, gæfu og farsældar nú þegar nýársólin glæðir dagana æ meiri birtu, boðar okkur bjartsýni og betri tíð.

Liðið ár var á margan hátt gjöfult þótt fjöldi landsmanna glími enn við óvissu og erfiðleika, fátækir hafi því miður líkt og áður orðið að leita til hjálparstofnana í aðdraganda hátíðanna; óskiljanlegt hvers vegna samhjálpin, framlög ríkis og sveitarfélaga, eru enn og aftur á þann veg að ungar mæður bíða í biðröðum eftir matargjöfum fyrir börnin sín.

Íslendingar hafa löngum tekið höndum saman þegar áföll og hamfarir herja á byggðarlögin. Viðbrögðin við eldgosunum á Suðurlandi og ofsaveðrinu nyrðra í vetrarbyrjun færðu okkur sönnur á að þrátt fyrir deilur og átök á vettvangi þjóðmálanna verður samhugurinn ráðandi á hættustundum; þjóðin eignast þá eina sál og hjálparsveitir hraða sér á vettvang.

Í samræðum okkar Dorritar við sauðfjárnætur í Þingeyjarsýslu, Skagafirði og Húnaþingi kom glöggt í ljós að björgunarstarfið skipti miklu, þakklætið einlægt í garð þeirra fjölmörgu sem komu úr öðrum landshlutum til að grafa fé úr fönn og göng í gegnum háa skafla svo að safnið kæmist heilt til byggða. Samt var þessi reynsla fjölskyldum í sveitinni erfið raun og frásagnir barnanna sem við hittum í Reykjahlíð voru tregafullar, söknuður eftir lömbunum sem aldrei skiluðu sér af fjalli.

Alls misstu norðlenskir nætur um tíu þúsund fjár. Það er þung byrði í búskap þar sem lítið má út af bera.

Veðurofsinn í vetrarbyrjun og nú aftur í aðdraganda áramóta, stormurinn og flóðbylgjan sem skullu á New York og austurströnd Bandaríkjanna, hamfarirnar sem orðið hafa í öllum álfum, eru, eins og Alþjóðaveðurfræðistofnunin hefur áréttað, vitnisburður um að breytingar á loftslaginu birtast mannkyni nú í æ tíðari ofsaveðrum og rannsóknir sýna ótvírætt að bráðnun íss og jökla er þar orsakavaldur.

Á líka lund var boðskapur kínversku vísindamannanna sem á liðnu sumri sigldu hingað á Snædrekanum, ísbrjótnum sem fór nyrstu leið milli Sjanghæ og Íslands. Í hátíðarsal háskólans lýstu þeir hvernig frosthörkur og illviðri hefðu veturinn 2007-2008 valdið gífurlegu tjóni á orkukerfum, samgöngum og í landbúnaði Kína; allt vegna bráðnunar íss á Norðurslóðum sumarið áður og áhrifa hennar á veðurkerfi í veröldinni.

Sömu niðurstöður birtust í bandarískum rannsóknum, ofsinn í storminum rakinn til hlýnunar enda vísaði borgarstjóri New York í hættunar vegna loftslagsbreytinga þegar hann ákvað að styðja Obama.

Við háskóla um heim allan kallar fræðasamfélagið einum rómi eftir breyttri stefnu og Alþjóðabankinn birti fyrir fáeinum vikum merka skýrslu sömu ættar. Því er ótrúlegt að enn skuli stjórnámálmenn í ýmsum löndum skella skollaeyrum við þessum viðvörðunum; færa furðuleg rök fyrir því að ekki skuli taka mark á vísindum.

Líkt og við Íslendingar tökum höndum saman á hamfaratímum þarf mannkyn allt að átta sig í tæka tíð, skilja að lífsskilyrðum allra jarðarbúa er ógnað með hraðri bráðnun íss og jökla á Norðurslóðum, Suðurskautslandinu og í Himalajafjöllum.

Í þessum efnum skiptir framlag okkar miklu þótt þjóðin sé fámenn. Rannsóknir á jöklum Íslands hafa á hálfri öld safnað í forðabúr þekkingar og líkönin sem vísindamenn okkar hafa smíðað í krafti nýjustu tækni búa yfir spásagnargildi fyrir veröld alla. Breytingar á orkubúskap, aukið vægi vatnsafls og jarðhita, eru líka öðrum þjóðum vísbending um að til eru aðrar leiðir.

Ísland er vettvangur sem vottar um aukinn hraða bráðnunar og birtir um leið brýnar lausnir sem eru í boði. Það er í vaxandi mæli kjarninn í samstarfi okkar við aðrar þjóðir.

Samstaðan á hættustundum, björgunarstarf byggt á sjálfbóðasveitum, net viðvarana sem nær um allar byggðir, eru líka þættir sem æ fleiri veita athygli og nú hefur verið beðið um gögn fyrir bandaríska rannsóknarnefnd, leitað eftir fræðslu um almannavarnir Íslendinga svo að viðbrögðin þar vestra verði markvissari þegar næsti stormur skellur á.

Samhjálp og samstaða eru í raun félagsauður, okkur verðmætari en flest annað og þessa eiginleika þarf að hafa í heiðri oftast en á tímum hamfara í veðráttunni; líka þegar ofsinn í fjármálum og efnahagslífi birtist í hruni eða kreppu.

Vissulega hefur margt tekist vel á liðnum árum og okkur miðar í átt til endurreisnar, jafnvel betur en öðrum þjóðum. Samt mætti samstaðan vera meiri, átökum oftast stillt í hóf því sundrung er sjaldan til farsældar, veikir jafnt þjóðir sem fjölskyldur.

Í kjölfar bankahrunsins var þörfin á nýjum samfélagssáttmála sett á dagskrá og áréttað að hann skyldi binda í stjórnskipun.

Lýðveldisstjórnarskráin hafði þó allt frá hátíðinni á Þingvöllum 1944 dugað þjóðinni vel, reynst farsæll rammi sem ávallt hélt þrátt fyrir hatrömm stéttaátök og kalda stríðið; gerði okkur líka kleift að bregðast við hruninu á lýðræðislegri hátt en aðrar þjóðir: með nýrri ríkisstjórn, alþingiskosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum um örlagarík deilumál.

Engu að síður var ýtt úr vör með tvö meginmarkmið að leiðarljósi: Ný stjórnarskrá skyldi byggð á sáttmála þjóðarinnar. Og hún ætti að vera einföld og skýr.

Góðar hugmyndir birtust svo í tillögum stjórnlagaráðs og njóta margar víðtæks stuðnings. Ný ákvæði um rétt þjóðarinnar til að krefjast atkvæðagreiðslu um hin stærstu mál, ótvíræð þjóðareign á auðlindum, aukið sjálfstæði dómstóla og víðtækari mannréttindi – allt er þetta og margt annað til bóta.

Því er miður að nú um áramótin blasir við að umræðan um nýja stjórnarskrá er á ýmsan hátt komin í öngstræti. Í stað samstöðu um sáttmálann geisa djúpstæðar deilur og virtir fræðimenn við háskóla landsins hafa áréttað að margt sé óskýrt og flókið í tillögunum.

Lítill sem engin umræða hefur orðið um hið nýja stjórnkerfi sem tillögurnar fela í sér, hvernig samspili Alþingis, ríkisstjórnar og forseta yrði háttáð.

Þó er ætlunin að leggja ríkisráðið niður. Þjóðhöfðinginn og ríkisstjórn hefðu þá engan vettvang til samráðs þegar þörfin væri brýn.

Forystusveit sem þjóðin sýndi afgerandi traust í kosningum yrði þegar hún tæki sæti í ríkisstjórn svipt almennu málfrelsi á Alþingi.

Einstaklingum yrði auðveldað að ná þingsetu í krafti fjölmiðlafrægðar; dregið umtalsvert úr áhrifum flokka og persónubundin barátta innan þeirra háð allt til kjördags; hlutur landsbyggðar reyndar líka rýrður mjög.

Formenn stjórnsmálaflokka gegndu ekki lengur sérstöku hlutverki við myndun ríkisstjórna. Þar myndi forseti lýðveldisins stýra för í mun ríkara mæli en áður.

Ýmsar ríkisstjórnir lýðveldistímans hefðu í þessari skipan vart orðið til og hin nýju ákvæði að öllum líkindum komið í veg fyrir myndun minnihlutastjórnar Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í janúar 2009.

Forsætisráðherra fengi agavald yfir ráðherrum annarra flokka og gæti einn rekið þá alla; virðist sem tillögumenn telji að helsti galli íslenskrar

stjórnskipunar á undanförunum áratugum hafi verið að forsætisráðherrar – og reyndar forsetinn líka – hefðu þurft enn meiri völd.

Frumvarpið að nýrri stjórnarskrá felur vissulega í sér gagnleg ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, þjóðareign og mannréttindi, en það býr líka til allt annað stjórnkerfi en við höfum búið að frá lýðveldisstofnun; yrði tilraun um stjórnkerfi sem ætti sér engan líka á Vesturlöndum.

Eðlisþættir þess hafa lítt verið ræddir, en reynist meirihluti landsmanna telja þá til bóta þarf slíkur vilji að koma skýrt fram því ekki var spurt sérstaklega um þessa þætti í atkvæðagreiðslunni í október.

Á málþingum sem Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst efndu til komu fram efnisríkar athugasemdir við fjölmargar greinar og voru þær studdar tilvísunum í rannsóknir hér heima og á alþjóðavettvangi vísindanna.

Áhugamenn um tillögur stjórnlagaráðs hafa sumir gert lítið úr þessu framlagi fræðasamfélagsins, jafnvel reynt að gera það tortryggilegt. Slíkur málflutningur minnir því miður á skollaeyrun sem ýmsir skella við rannsóknum á hlýnun jarðar. Hvort tveggja sæmir lítt því stefnumótun nýrrar aldar þarf að vera byggð á traustum grunni þekkingar, bæði hvað varðar loftslag og stjórnarskrá.

Háskólar landsins eiga að veita okkur ráðgjöf, lýsa leiðum sem styðjast við niðurstöður rannsókna. Var ekki helsti lærdómur hrunsins að taka ætti meira mark á þeim sem í krafti þekkingar vara við hættunum handan við hornið?

Að hirða lítt um hin hollu ráð verður aldrei farsælt og vandinn kann líka að vaxa vegna þess að nýr meirihluti á Alþingi næsta vor gæti hæglega kollvarpað frumvarpinu og sú alúð sem stjórnlagaráð lagði í verkið þá unnin fyrir gýg.

Aðalsmerki hins trausta lýðræðis er ekki alræði sífellt nýrra meirihluta sem koll af kalli kappkosta að ráða för. Gæði lýðræðisins birtast einkum í því að virða rök og rétt minnihlutans. Það er leiðin að varanlegum árangri enda áréttaði rektor Háskólans á Bifröst í lok nóvember nauðsyn þess að stríðandi fylkingar mættust nú á miðri leið.

Á fundi ríkisráðs í gær hvatti ég til samstöðu allra flokka með víðsýni og sáttavilja að leiðarljósi, að vegferð stjórnarskrármálsins yrði mörkuð á þann hátt að tryggð væri vönduð meðferð og í forgang settar breytingar sem ríkur þjóðarvilji veitir brautargengi. Aðeins þannig næðist farsæl niðurstaða.

Við megum ekki festa stjórnarskrármálið í fjötrum átaka og aflrauna á Alþingi. Slíkt sæmir hvorki hinni upphaflegu heitstrengingu um nýjan sáttmála Íslendinga né heldur virðingu fyrir þeirri samstöðu sem mótaði gildistöku núverandi stjórnarskrár.

Þótt árin frá hruni bankanna hafi verið erfið á margan veg og eðlilegt að oft væri tekist á um stefnur og gerðir, þarf stjórnskipun nýrrar aldar að hvíla á víðtækri og varanlegri sátt. Ella væri farið úr öskunni í eldinn.

Reyndar væri farsælt fyrir okkur öll, þjóð sem glímt hefur við mikinn vanda, að í hönd færi nú tími samstöðu og uppbyggingar, að viðbrögðin við hamfaraveðrum yrðu í ríkara mæli fyrirmynd.

Líkt og sauðfjárnætur Norðurlands byggja upp bústofn á ný og hin unga kynslóð sér í sveitinni tækifæri nýrra tíma þrátt fyrir veðurofsann í vetrarbyrjun, væri skynsamlegt að við öll, stjórnvöld, atvinnulíf, félagasamtök og almenningur einbeittum kröftunum að því sem sameinar og vísar veginn til uppbyggingar, til árangurs sem nýtir kosti sérhverrar byggðar, gagnast öllum og gerir fólki í millistétt og hinum efnaminni kleift að brúa bilin í framfærslu og húsnæðismálum.

Við búum að ríkulegum auðlindum, njótum góðra tengsla við allar þjóðir, eigum menntað fólk á flestum sviðum; höfum sýnt hvernig nýsköpun og framtakssemi, tækni og menning eru hreyfiafl framfaranna.

Við njótum arfleifðar kynslóða sem færðu okkur í fremstu röð, gerðu menntun, heilbrigði og velferð allra að aðalsmerki, treystu sjálfstæði og sess Íslands í samfélagi þjóða heims.

Okkur eru allir vegir færir, tækifærin við sérhvert fót mál og með samstöðu öðlumst við aukið afl til uppbyggingar. Það er verkefni hins nýja árs, skylda okkar við æsku landsins.